

Ívar Jónsson

Félagshagkerfið á Íslandi

Háskólinn á Bifröst

Copyright©Ívar Jónsson

Útgáfuár 2006

ISBN 9979-70-188-9

ISBN-13 978-9979-70-188-0

Formáli

Tildrög þessarar skýrslu eru þau að haustið 2006 var höfundur hennar ráðinn í prófessorsstöðu við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem kennd er við Jónas Jónsson frá Hriflu. Megin viðfangsefni þessarar stöðu eru rannsóknir á sviði samvinnuhreyfinga. Samvinnuhreyfingar tilheyra svokölluðum þriðja geira samfélagsins, sem einnig gengur undir nöfnum eins og t.d. frjáls félagasamtök og félagshagkerfið og hagnaðarlausir (e. non-profit) geirinn. Starfssemi í þriðja geiranum einkennist af því að markmið hennar er ekki hámarks hagnaðar og auðsöfnunar og hún tilheyrir ekki opinbera geiranum. Í þessari skýrslu er gerð tilraun til að leggja gróft mat á umfang þriðja geirans á Íslandi, en þörf er á mun umfangsmeiri rannsókn á inntaki og umfangi þessa geira en gert er í þessari skýrslu svo fullnægjandi mynd fái af hlutverki hans í íslensku samfélagi og efnahagslífi. Hluti af undirbúningi þessarar skýrslu fólst í því að flokka félög í félagaskrá Hagstofunnar eftir staðli Sameinuðu þjóðanna yfir hagnaðarlaus félög (ICNPO). Þessi flokkaða skrá er birt í: Ívar Jónsson (2006) Félagshagkerfið á Íslandi 2005 - Félagaskrá flokkuð eftir ICNPO-staðli: Háskólinn á Bifröst.

Efnisyfirlit

Inngangur – goðsögnin um markaðsvæðingu.	4
1. Hugtakið “félagshagkerfi”	6
2. Umfang félagshagkerfisins á Íslandi	8
Samvinnufélög	9
Sjálfseignastofnanir	11
Almenn félagastarfssemi	14
Lífeyrissjóðir	21
Sparisjóðir	21
Heildarvelta félagshagkerfisins á Íslandi	22
3. Þátttaka í starfssemi félagshagkerfisins	23
4. Hvatning til nýsköpunarstarfssemi í félagshagkerfinu	27
Frumkvöðlastarfssemi í hagnaðarlausu geiranum	28
Einkenni frumkvöðla í hagnaðarlausu geiranum	28
Niðurstöður	31
Heimildaskrá	33
Viðauki 1	36

Inngangur – goðsögnin um markaðsvæðingu.

Sú skoðun er algeng meðal stjórnámálanna og fræðimanna í samfélagsvísindum að efnahagsstarfssemin á Vesturlöndum hafi á undanförunum áratugum færst í æ ríkari mæli á hendur einkaaðila sem leitast við að hámarka arðsemi og hagnað af starfssemi sinni. Sagt er að markaðsvæðing samfélagsins hafi rutt úr vegi atvinnustarfssemi sem ekki hefur hámerkun hagnaðar að leiðarljósi. Þessi afstaða markaðshyggjusinna og nýfrjálshyggjumanna er orðin svo útbreidd að fæstum dettur í hug að velta fyrir sér hvort þetta sé raunin og hvort rannsóknir og tölfræði staðfesti fullyrðingar af þessu tagi. Þegar betur er að gáð er ljóst að þessi afstaða er goðsögn. Markaðsvæðing vestrænna hagkerfa er ekki jafn mikil og markaðssinnar óska sér. Raunar hefur dregið úr hlutverki markaða í efnahagsstarfsseminni. Þetta sést m.a. af því að ólaunað vinnuframlag og hagnaðarlaus starfssemi færast í vöxt á Vesturlöndum.

Til að meta umfang markaðsvæðingar er nauðsynlegt að rannsaka hvort starfssemi sem felur í sér hámerkun gróða og sölu á vörum og þjónustu í peningalegu formi hafi aukist á kostnað starfssemi sem ekki er í formi peningalegra viðskipta eða er hagnaðarlaus. Rannsóknir á Vesturlöndum á því hvernig fólk ver tíma sínum í vinnu og frístundum sýna að ólaunað vinnuframlag hefur verið að aukast en ekki minnka eins og markaðssinnar óska sér. Þegar litið er á tímabilið frá 1960 og fram á okkar dag kemur í ljós að ólaunað vinnuframlag er að aukast í flestum löndum eins og kemur fram í töflunni hér að neðan.

Tafla 1.

Ólaunuð vinna innan og utan heimilis sem hlutfall af heildar vinnuframlagi samkvæmt vinnuframlagsrannsóknum 1960-1999

	1960-73	1974-84	1985-1999	Hlutfall launalausrar vinnu hefur:
Bandaríkin	56,9	57,6	58,4	Aukist
Bretland	52,1	5,5	57,5	Aukist
Danmörk	41,4	-	43,3	Aukist
Finnland	-	51,8	54,5	Aukist
Frakkland	52,0	55,5	57,5	Aukist
Holland	-	55,9	57,9	Aukist
Kanada	56,9	55,4	54,2	Minnkað
Noregur	57,1	55,4	-	Minnkað
Ungverjaland	53,6	46,8	-	Minnkað
20 lönd	43,4	42,7	44,7	Aukist

Heimild: Colin. C. Williams 2004: 440.

Benda má á fleiri vísbendingar en ólaunað vinnuframlag þegar möguleg markaðsvæðing er könnuð. Líta má til umfangs viðskipta þar sem peningar eru gjaldmiðill og athuga hversu stór hluti af slíkum viðskiptum hafa háþörfun hagnaðar að leiðarljósi. Rannsóknir á hagnaðarlausum viðskiptum sýna að slík viðskipti hafa vaxið hraðar á Vesturlöndum á undanförunum áratugum en hagnaðardröfin viðskipti. Til dæmis hefur hagnaðarlausum fyrirtækjum fjölgað hraðar en hagnaðardröfnum fyrirtækjum í Bandaríkjunum á síðustu áratugum (J.J. Cordes et.al. 2004: 117).

Goðsögnin um markaðsvæðingu og sigurför markaðarins í vestrænum samfélögum er hluti af hugmyndafræðilegri baráttu sem á sér stað í samfélögum Vesturlanda. Samfélagsumræða síðustu tveggja áratuga hefur á Vesturlöndum einkennst mjög af nauðhyggju og þröngsýni sem haldið hefur verið á lofti af stjórn málaöflum sem hafa verið undir áhrifum nýfrjálshyggju. Þröngsýnin hefur falist í því að sýn manna á samfélagsþróunina hefur verið njörvuð við samfélagslegt hlutverk markaða og hefur áherslan verið á að draga úr “markaðshindrunum”. Þessar hugmyndafræðilegu áherslur bera keim af þrætum sósíalista og auðvaldssinna á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar, sem sáu aðeins tvær þróunarleiðir, þ.e. annars vegar leið óhefts markaðskerfis og hins vegar leið þjóðnýtingar og miðstýrðs áætlunabúskapar. Sá munur er á afstöðu sósíalista 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar og sósíal-demókrata nútímans að hinir fyrrnefndu töldu að markaðsbúskapur myndi líða undir lok vegna dýpkandi efnahagskreppa, en hinir síðarnefndu telja vöxt markaðskerfisins óhjákvæmilegan og heimsvæðingu nauðsynlega. Í augum sósíal-demókrata nútímans er meginviðfangsefni stjórn mála að draga úr neikvæðum samfélagsáhrifum markaðsvæðingarinnar með því að verja velferðarkerfið.

Hin einfalda, tvívíða framtíðarsýn sem byggir á nauðhyggju markaðshyggjunnar hefur mætt vaxandi andstöðu á allra síðustu árum enda hefur sýnt sig að samstarf fyrirtækja og ríkisvalds er mikilvæg forsenda samkeppnishæfni fyrirtækja og um leið er þetta samstarf mikilvæg forsenda efnahagslegrar velferðar. Jafnframt fer vaxandi gagnrýni á velferðarkerfi ríkisins þar sem velferðarstofnanir þess eru svifaseinar þegar kemur að því að sinna nýjum samfélagsþörfum og nýsköpun í velferðarþjónustu hins opinbera er hæð. Af þessum ástæðum hefur áhugi stjórn mála og fræðimanna aukist á “þriðja geiranum” eða “félagshagkerfinu” og “hagnaðarlausu geiranum”, enda hefur sýnt sig að starfssemi í þessum geira er oft

undanfari nýsköpunar í opinberri þjónustu og uppspretta nýrra neysluvenja almennings.

Þriðji geirinn eða félagshagkerfið hefur öldum saman verið til staðar í kapítalískum hagkerfum Vesturlanda. Umfang slíkrar starfssemi hefur þó verið sveiflukennnd. Á tímabilinu eftir Seinni heimstyrjöldina dróg úr umfangi hennar á sama tíma og ríkisreknum velferðarkerfum óx fiskur um hrygg. Með útbreiðslu nýfrjálshyggju og kreppu Keynesismans á áttunda og níunda áratug síðustu aldar dróg úr vexti velferðakerfisins á Vesturlöndum og kröfur um niðurskurð á útgjöldum ríkisins á þessu sviði varð áberandi. Við þessar kringumstæður hefur hagnaðarlaus atvinnustarfssemi aukist að umfangi að nýju og stjórnvöld leggja áherslu á vöxt þessa geira. Slík atvinnustarfssemi hefur í mörgum tilfellum þurft að aðlaga sig að hinum nýju aðstæðum með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarfssemi. Hagnaðarlaus nýsköpunarstarfssemi (social entrepreneurship) er því svið sem vaxið hefur hratt á undanförunum árum, m.a. innan nýsköpunar- og frumkvöðlafræða.

Í skýrslunni hér að neðan verður félagshagkerfið á Íslandi greint með tilliti til flokkunarkerfis Sameinuðu þjóðanna á hagnaðarlausum félögum (ICNPO, sjá Viðauka aftan við skýrsluna). Jafnframt er gerð tilraun til að greina í grófum dráttum umfang félagshagkerfisins mælt í fjölda og veltu félaga. Loks er fjallað um ástæður þess að fólk starfar að hagnaðarlausri starfssemi og gerist frumkvöðlar í félagshagkerfinu.

1. Hugtakið “félagshagkerfi”

Hagnaðarlaus starfssemi og starfssemi sem hefur samfélagslegar umbætur að markmiði hefur í fræðilegri umræðu gengið undir ýmsum nöfnum. Rætt hefur verið um ‘félagshagkerfið’, ‘þriðja geirann’, ‘sjálfboðaliðsgeirann’, ‘frjáls félagasamtök’, ‘óháða geirann’, ‘þriðja hagkerfið’ og ‘hagnaðarlausu geirann’. Hér að neðan vísar heitið ‘hagnaðarlausu geirinn’ til ákveðins hluta þriðja geirans eða félagshagkerfisins, en hefð er fyrir því í Bandaríkjunum. Í Evrópu hefur gjarnan verið talað um félagshagkerfið. Það sem er sameiginlegt þessum hugtökum er hugmyndin um að í samfélaginu sé tiltekin starfssemi sem liggja milli ríkisins eða hins opinbera og markaðarins. Þessi starfssemi hefur að leiðarljósi félagslega og/eða efnahagslega köllun af ýmsu tagi sem einkennist af vilja til að starfa að almannaheill án þess að lokamarkmiðið sé að hagnast á starfsseminni (L.M. Salamon 1999: 3 og OECD 2003:

10). Greina má nokkur einkenni sem eru sameiginleg hagnaðarlausri starfssemi, þ.e. hún einkennist af því að:

- * hún hefur fastmótað skipulagslegt form skipulagsheilda
- * hún er skipulagslega aðskilin frá starfssemi hins opinbera
- * hún er hagnaðarlaus, þ.e. hagnaði af starfsseminni er ekki skipt upp milli stjórnenda eða hóps “eigenda”
- * hún er sjálfstæð, þ.e. starfssemin lítur í grundvallardráttum eigin stjórn
- * hún er sjálfboðaliðsstarfssemi, þ.e. engum ber skylda samkvæmt lögum að taka þátt í starfsseminni og hún byggir að miklu leiti á framlagi sjálfboðaliða hvað varðar vinnuframlag og fjárframlag (L.M. Salamon 1999: 3).

Skilgreiningin hér að ofan er þröng og einkennist af rannsóknarmarkmiðum sem sprottin eru úr skipulagsfræðum og bera keim af áherslu á míkro-félagshagfræðileg sjónarhorn. Fókusinn er hér á einstaklinga og hvatningu þeirra til þátttöku í starfsseminni sem leiðir til þess að þeir eru tilbúnir að starfa í sjálfboðavinnu að sameiginlegum markmiðum meðlima viðkomandi samtaka. Við getum einnig skoðað hagnaðarlausu geirann í víðari merkingu, þ.e. út frá heildrænu eða makró sjónarhorni. Út frá slíku sjónarhorni er hagnaðarlausu geirinn skoðaður sem hluti af samfélagsgerð nútíma samfélaga þar sem skipulagning þeirra er mótuð af þremur megin markmiðum, þ.e. 1) auðmagnsupphleðslu og háþyrkingu gróða, 2) ríkisrekstri og 3) hagnaðarlausum rekstri í anda samfélagslegra umbóta eða velferðar samfélagsþópa þar sem eignarform hins opinbera kemur ekki við sögu. Í þessum skilningi getum við talað um þriðja hagkerfið eða félagshagkerfið í víðari skilningi. Hagnaðarlausu geirinn nær yfir sjálfboðaliðasamtök, sjálfseignastofnanir og samvinnufélög. Auk þessara aðila tilheyrir félagshagkerfinu hagnaðarlausu starfssemi með skylduáðild eins og t.d. lífeyrissjóðir og einnig frjáls samtök eins og sparisjóðir sem ekki hafa háþyrkingu hagnaðar sem meginmarkmið starfseminnar

Á Vesturlöndum er umfang hagnaðarlausrar atvinnu- og félagastarfssemi í mikið. Áætlað er að innan Evrópusambandsins starfi um 8% af launþegum í fullu starfi í þessum geira (OECD 2003: 12). Í rannsóknarverkefni Johns Hopkins háskóla um hagnaðarlausu atvinnu- og félagastarfssemi í 35 löndum sem L.M. Salomon og félagar (2003: 14) framkvæmdu, kom fram að 39,5 milljónir manna störfuðu í fullu starfi í þessum geira á árunum 1995-8 og eru samvinnufélög þá ekki talin með. Af þessum 39,5 milljónum starfandi einstaklinga voru 43% sjálfboðaliðar. Einnig kom í ljós að

4,4% af vinnuafli (starfandi og atvinnulausir) störfuðu í geiranum og 190 milljónir manna stunduðu sjálfboðaliðastörf á vegum hagnaðarlausrar atvinnu- og félagastarfssemi, eða 221 á hverja 1000 fullorðna íbúa landanna 35. Þessar tölur sýna ótvírætt að umfang þessarar starfssemi er umtalsverð.

Í Bandaríkjunum hefur árleg fjölgun nýstofnaðra hagnaðarlausra rekstraraðila verið mun meiri en hagnaðardrifinna fyrirtækja síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Þar í landi fjölgaði hagnaðarlausum fyrirtækjum um 4,7% að meðaltali á ári á tímabilinu 1977 til 1992. Á sama tímabili fjölgaði hagnaðardrifnum fyrirtækjum um 3,0%. Á tímabilinu 1992 til 1996 fjölgaði hinum fyrrnefndu um 5,0% að meðaltali á meðan hinum síðarnefndu fjölgaði um 1,4% 1992 til 1997 (J.J. Cordes et.al. 2004: 117).

Markmiðin með rekstri fyrirtækja, stofnana og samtaka í félagshagkerfinu eru margvísleg, en það er sameiginlegt þeim að skapa vettvang fyrir tiltekin áhugamál eða að stuðla að félagslegum umbótum, ýmist fyrir meðlimi sína, tiltekna samfélagshópa eða samfélagið í heild. Samstarf við samfélagshópa og opinbera aðila er mikið og nýsköpunarstarfssemi innan geirans er mikil. Þetta á ekki síst við um starfssemi á sviði velferðarmála, en starfssemin í þessum geira er oft leiðandi í þjónustu við nýja samfélagshópa og mótun þjónustu sem hið opinbera tekur að sér á síðari stigum.

2. Umfang félagshagkerfisins á Íslandi

Lítið er vitað um umfang félagshagkerfisins á Íslandi. Þó eru ýmsir aðilar innan þess áberandi í samfélaginu. Í því sambandi má nefna samvinnufélögin, sparisjóði, Rauðakrossinn, Krabbameinsfélagið, Hjartavernd o.fl. Samvinnufélögin, sparisjóðirnir og lífeyrissjóðirnir hafa um árabil verið öflugir á Íslandi. Eins og kemur fram í töflu 9 hér að neðan má gera ráð fyrir að velta félagshagkerfisins á Íslandi hafi verið a.m.k 514 milljarðar króna árið 2005, eða um 47% miðað við landsframleiðslu. Í þessum tölum munar mestu um veltu lífeyrissjóða og sparisjóða, en velta hagnaðarlausra geirans, þ.e. samvinnufélaga, sjálfseignastofnana og annarra félaga var yfir 43 milljarðar króna árið 2005.

Við skulum nú greina umfang hagnaðarlausra geirans í ljósi fjölda skráðra félaga. Árið 2005 voru 18958 félög skráð á Íslandi sem ekki hafa hagnað sem höfuðmarkmið sitt, en í þessum tölum eru lífeyrissjóðir og sparisjóðir ekki meðtaldir. Um er að ræða félög sem ekki eru einkahlutafélög, hlutafélög eða sameignarfélög.

Fjöldi samvinnufélaga, sjálfseignarfélaga og annarra hagnaðarlausra félaga á Íslandi 2005 kemur fram í töflunni hér að neðan.

Tafla 2.
Umfang hagnaðarlausra geirans á Íslandi 2005


Félög	Fjöldi
Samvinnufélög	86
Sjálfseignarstofnanir	334
Önnur hagnaðarlaus félög	18538
Alls	18958

Heimild: Unnið úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

Samvinnufélög

Við munum nú gera tilraun til að áætla í grófum dráttum umfang hagnaðarlausra geirans á Íslandi. Ef við lítum fyrst til umsvifa samvinnufélaganna má segja að umfang starfsemi þeirra hafi verið gríðarlega mikið í íslensku efnahagslífi allt fram á síðasta áratug 20. aldar, en hafi farið minnkandi, þó umsvif þeirra séu enn mikil (Ívar Jónsson 2003). Á tífunda áratugnum átti samvinnurekstur í vök að verjast og félögum fækkaði jafnt og þétt. Árið 1990 voru 152 slík félög í landinu, en 10 árum seinna voru þau aðeins 96. Fimm árum síðar voru þau 86.

Mynd 1.
Fjöldi samvinnufélaga 1990-2000



Heimild: Hagstofa Íslands **Landshagir** (ýmis ár) og Hagstofa Íslands (2006).

Fjöldi meðlima samvinnufélaga var um 5000 árið 1920 og hafði aukist í um 30 þúsund 1950, en fjöldi meðlima var mestur 1985 þegar hann var um 45 þúsund (Ívar Jónsson 2003:116). Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan eru samvinnufélög með rekstur í mörgum ólíkum atvinnugreinum (ÍSAT). Samvinnufélögin starfa á sviðum verslunar, matvælaframleiðslu, húsnæðismála útvarpsstöðva o.fl.

Tafla 3.**Fjöldi samvinnufélaga með starfssemi 2005 eftir atvinnugreinum**

ISAT	Atvinnugrein	Fjöldi
70.32.1	Starfssemi húsfélaga íbúðareigenda	19
45.20.0	Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð	10
52.12.0	Önnur blönduð smásala	10
15.51.0	Mjólkurbú og ostagerð	9
15.11.0 og 15.13.0	Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts, þó ekki alifuglakjöts. Einnig kjötiðnaður	6
52.11.1	Stórmarkaðir með minnst 400 m ² verslunarrými	5
15.20.1	Frysting fiskafurða	3
65.22.1	Fjárfestingarlánasjóðir	3
70.20.1	Leiga íbúðarhúsnæðis	7
63.21.0	Bílastöðvar; önnur þjónusta tengd flutningum á landi	2
67.20.0	Starfssemi tengd váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum	2
50.50.0	Bensínstöðvar	1
51.11.0	Umboðsverslun með hráefni úr landbúnaði, lífdýr, hráefni til vefjariðnaðar og hálfunna vöru	1
51.31.0	Heildverslun með ávexti og grænmeti	1
51.65.1	Heildverslun með veiðarfæri og fiskvinnsluvélar	1
52.41.0	Vefnaðarvöruverslun	1
65.12.0	Rekstur banka og sparisjóða	1
74.15.0	Rekstur eignarhaldsfélaga	1
74.84.0	Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta	1
91.33.0	Önnur ótalin félagastarfssemi	1
92.20.0	Starfssemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	1
Samvinnufélög með starfssemi alls		86

Heimild: Unnið úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

Þrátt fyrir fækkun samvinnufélaga og samdrátt í rekstri þeirra er velta þeirra enn mikil. Árið 2005 var skattsskyld velta samvinnufélaga samtals **26.963.917.134 kr** eða um 27 milljarðar króna samkvæmt áætlun embættis ríkisskattstjóra¹ (Páll Kolbeinsson 2006). Á sama ári var verg landsframleiðsla um 996 milljarðar króna, en í samanburði við þá tölu var velta samvinnufélaga 2,7%². Talan 27 milljarðar segir ekki alla söguna um umsvif og áhrif samvinnufélaga í íslensku atvinnulífi, því í þessari tölu er ekki velta félaga sem ekki eru samvinnufélög en eru að mestu eða öllu leyti í eigu samvinnufélaga. Eins og kemur fram í töflu 10 hér að neðan var velta samvinnufélaga og félaga í þeirra eigu yfir 50 milljarðar króna árið 2004. Loks má geta þess að óbein áhrif af starfssemi samvinnufélaga er mikil á Íslandi í gegnum

¹ Embættis ríkisskattstjóra (RSK) fékk í hendur lista Hagstofu Íslands yfir félög, samvinnufélög og sjálfseignastofnanir 2005 sem Ívar Jónsson flokkaði eftir ICNPO staðli Sameinuðu þjóðanna. ICNPO er flokkunarkerfi sem nær yfir hagnaðarlausu starfssemi (sjá Viðauka 1). Páll Kolbeinsson hjá RSK framkvæmdi greiningu á veltu félaganna á grundvelli gagna RSK.

² Hafa verður í huga að hér er aðeins um gróft viðmið að ræða því verg landsframleiðsla er ekki veltutala, heldur summa tekna og skatta hagkerfisins á viðkomandi ári.

margföldunaáhrif af starfsseminni, en nákvæm rannsókn á þessum áhrifum hefur ekki verið framkvæmd.

Samvinnufélög á Íslandi eru öflug á sviði matvælaframleiðslu. Mjólkurbú og ostagerð (ÍSAT 15.51.0) samvinnufélaga velti 13.490.434.608kr árið 2005. Á sama ári var velta samvinnufyrirtækja á sviði stórmarkaða (með minnst 400 m² verslunarrými), annarrar blandaðrar smásölu og heildverslunar með ávexti og grænmeti³ 7.536.099.693kr. Þegar litið er til slátrunar, kjötiðnaður og frystingar fiskafurða var velta samvinnufélaga⁴ 5.937.382.833kr árið 2005. Velta annarra samvinnufélaga nam 298.272.933 kr.

Loks má geta þess að velta einstakra kaupfélaga er mikil eins og t.d. Kaupfélags Skagfirðinga, en KS velti um 8,5 milljörðum 2005 og Kaupfélag héraðsbúa velti um 2,2 milljörðum.

Sjálfseignastofnanir

Fjöldi sjálfseignastofnana á Íslandi er mun meiri en fjöldi samvinnufyrirtækja. Árið 2005 voru 334 starfandi sjálfseignarstofnanir á Íslandi skv. skránni Hagstofu Íslands. Eins og kemur fram í töflu 4 er starfsemi sjálfseignarstofnana fjölbreytileg. Flestar starfa þær í atvinnugreininni minningar- og styrktarsjóðir. Margar eru starfsræktar á sviði menningar, safna, rannsókna, heilbrigðismála og líknarmála. Eða m.ö.o. mikill fjöldi sjálfseignarstofnana starfa á sviði velferðarkerfisins. Sjálfseignastofnanir eru flokkaðar í töflunni hér að neðan eftir atvinnugreinum (ÍSAT).

³ ÍSAT 52.11.1 og 52.12.0, 51.31.0.

⁴ ÍSAT 15.11.0, 15.13.0 og 15.20.1.

Tafla 4.**Fjöldi sjálfseignastofnana með starfssemi 2005 eftir atvinnugreinum**

ISAT	Atvinnugrein	Fjöldi
85.33.1	Minningar- og styrktarsjóðir	177
92.52.0	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	17
73.20.0	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	15
70.32.9	Annar fasteignarekstur	13
80.42.9	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	12
65.12.0; 65.22.1; 65.23.9; 66.02.1	Rekstur banka og sparisjóða, fjárfestingarlánasjóðir, önnur ótalin fjármálastarfsemi og sameignarsjóðir	10
91.33.0	Önnur ótalin félagastarfsemi	10
85.32.8	Líknarfélög og annað hjálparstarf félagssamtaka	9
85.11.3 og 85.11.4	Endurhæfing og Hjúkrunarvistun	7
92.31.0	Starfsemi listamanna	7
92.32.0	Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstarfsemi	7
80.30.0	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi	4
85.31.3	Dvalarheimili fyrir aldraða	4
85.31.4	Heimili fyrir fatlaða	4
22.11.2	Bókaútgáfa án starfrækslu eigin prentsmiðju	3
80.21.0	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám	3
80.42.2	Tónlistarskólar	3
91.31.1 og 91.31.9	Önnur trúfélög og önnur trúfélög	3
70.20.1 og 70.20.2	Leiga íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis	2
74.14.9	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	2
74.84.0	Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta	2
80.10.0	Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi	2
92.51.1	Almenningsbókasöfn	2
22.13.0	Tímaritaútgáfa	1
52.49.9	Önnur ótalin smásala í sérværslunum	1
70.20.3	Leiga á landi og landréttindum	1
70.32.1	Starfsemi húsfélaga íbúðareigenda	1
80.22.0	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám	1
85.11.1	Deildskipt sjúkrahús	1
85.31.1	Heimili fyrir börn og unglinga	1
85.32.2	Leikskólar og önnur dagvistun barna	1
85.32.4	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	1
85.32.6	Dagvistun fyrir fullorðna	1
85.32.9	Félagsráðgjöf og félagsleg aðstoð	1
91.12.0	Starfsemi fagfélaga	1
92.13.0	Rekstur kvikmyndahúsa	1
92.20.0	Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	1
92.34.0	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	1
98.00.0	Ótilgreind starfsemi	1
Sjálfseignastofnanir með starfssemi alls		334

Heimild: Unnið úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

Engar tilraunir hafa verið gerðar á Íslandi til að meta umfang starfsemi sjálfseignastofnana í hagkerfinu líkt og gert er í nágrannalöndunum. Það er því lítið vitað um veltu þessa geira og fjölda starfa innan hans. Ekki verður komist hjá því að nefna hér nokkur þekkt dæmi um sjálfseignarstofnanir. Háskólinn á Bifröst og

Listaháskóli Íslands eru dæmi um sjálfseignastofnanir á sviði fullorðinsfræðslu, háskólakennslu og rannsókna. Verslunarskóli Íslands og skóli Ísaks Jónssonar eru dæmi um sjálfseignastofnanir á sviði framhalds- og grunnskólastarfssemi. Á sviði menningarstarfssemi má m.a. nefna Leikfélag Reykjavíkur og Íslensku óperuna. Í töflunni hér að neðan hafa sjálfseignastofnanir á Íslandi verið flokkaðar samkvæmt ICNPO-staðlinum.

Tafla 5.
Sjálfseignastofnanir á Íslandi 2005 flokkaðar eftir ICNPO flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna⁵

Flokkur	Heiti	Fjöldi
ICNPO 1100	Menningar- og listastarfssemi	47
ICNPO 2100, 2200	Menntastofnanir á forskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi og tengd starfssemi	10
ICNPO 2300	Aðrar menntastofnanir (starfsmenntun)	15
ICNPO 2400	Rannsóknar- og þróunarstarfssemi starfssemi í náttúruvísindum, verkfræði, samfélags- og hugvísindum	15
ICNPO 3100, 3200	Sjúkrahús, endurhæfingastofnanir og hjúkrunarheimili	8
ICNPO 4100	Félagsleg þjónusta	13
ICNPO 6200	Húsnæðismálastarfssemi	17
ICNPO 8100	Góðgerðasamtök sem veita fjárhagsaðstoð	10
ICNPO 8200	Önnur góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar	186
Annað óflokkað		13
	Alls	334

Heimild: Flokkað af höfundi úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

Lítið er vitað um hversu mikið sjálfseignastofnanir á Íslandi velta á ári hverju. Samkvæmt upplýsingum embættis ríkisskattstjóra var heildarvelta sjálfseignastofnana á Íslandi **783.520.739 kr** árið 2005. Innan þessa geira er starfssemi á sviði menningar og lista áberandi⁶, en velta slíkrar starfssemi var **486.729.288 kr** á sama ári samkvæmt upplýsingum embættis ríkisskattstjóra. Þessar tölur eru ugglaut verulega vanáætlaðar. Sem dæmi má nefna að miðað við framlag í fjárlögum Alþingis til Listaháskóla Íslands, nemendafjölda og skólagjöld má gera ráð fyrir að velta skólans hafi verið milli 400 og 500 milljónir kr 2005. Svipaða sögu er að segja af Viðskiptaháskólanum á Bifröst, en báðir skólarnir eru sjálfseignastofnanir. Framlög ríkisins til dvalar- og elliheimilisins Grundar er um 1100 milljónir kr á ári, Hjúkrunarheimilið Skjól fær um 570 milljónir kr á ári, Hjúkrunarheimilið Eir um 980 milljónir kr, Hjúkrunarheimilið

⁵ Sjá Viðauka 1 þar sem inntak viðkomandi starfssemi er skilgreind..

⁶ Hér er átt við starfssemi sem fellur undir flokk ICNPO 1100 í flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna yfir hagnarlausu starfssemi (International Classification of Non-Profit Organisations, sjá Sameinuðu þjóðirnar 2003). Undir ICNPO 1100 heyrir: Menningar- og listastarfssemi: almenn menningar og listastarfssemi, leiklist, söfn, dýragarðar, bókasöfn, dagblaða-, tímarita- og bókaútgáfa.

Skógarbær um 450 milljónir kr. og Sunnuhlíð í Kópavogi fær um 360 milljónir kr á ári. Þessi fáu dæmi benda til þess að velta sjálfseignastofnana sé margfalt meiri en skattalegar upplýsingar gefa til kynna. Þessar fáu stofnanir sem hér hefur verið litið til velta 4-5 milljörðum á ári hverju. Það virðist því ekki vera óraunhæft að áætla að geiri sjálfseignastofnana velti **meira en 6 milljörðum kr.** árlega.

Almenn félagastarfssemi

Eins og kemur fram í töflum 6. og 7. voru 18538 félag skráð í félagaskrá Hagstofunnar 2005, þ.e. félög sem ekki eru samvinnufélög, sjálfseignastofnanir, hlutafélög, einkahlutafélög, sameignarfélög eða sparisjóðir. Í töflunum kemur fram að stærsti flokkurinn er húsfélög (ICNPO 6200), en í þeim flokki voru 8138 félög árið 2005. Næst stærsti flokkurinn er ICNPO 1300, þ.e. önnur heilsuræktar- og tómsundafélög, en í þeim flokki voru 2253 félög 2005. Undir flokkinn heyra starfsmannafélög, ungmennafélög, veiðifélög o.fl. Þetta er þriðji stærsti flokkurinn, íþróttafélög (ICNPO 1200) eru fjölmörg á Íslandi, eða 773. Deildir aðalfélaga eru meðtaldar enda eru þau formlega sjálfstæð félög. Sem dæmi má nefna knattspyrnudeildir, handknattleiksdeildir og fleiri deildir íþróttafélaga. Mikill fjöldi félaga á sviði menningar og lista eru skráð í landinu (ICNPO 1100), eða 673. Í þessum flokki er fjölbreytt starfssemi eins og t.d. leikhús, söfn, bóka- og tímaritaútgáfa.

Hagsmunasamtök í atvinnulífinu eru fjölmörg. Félög og samtök launþega (ICNPO 11300) eru 670 talsins, en til þessa flokks teljast bæði félögin sjálf og heildarsamtök þeirra. Tengd launþegasamtökunum eru orlofssjóðir, orlofsnefndir og orlofsheimili. Þessir aðilar voru 43 að tölu árið 2005. Félög og samtök atvinnurekenda (ICNPO 11100) voru 353 árið 2005. 379 stjórnmalafélög voru skráð árið 2005, en undir þennan flokk (ICNPO 7300) heyra landssambönd stjórnmalahreyfinga jafnt sem einstakar flokks- eða samtakadeildir og kjördæmisráð víða um land. Meðtalin í þessum flokki eru mörg stjórnmalafélög sem hafa litla sem enga starfssemi, eins og t.d. félög Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Kvinnalistans, en þessi félög eru 60 að tölu. Eftir stendur að líklega eru yfir 300 stjórnmalafélög í landinu sem eru meira eða minna virk. Auk stjórnmalafélaganna eru formlega séð til 297 margvísleg málefnafélög og samfélagsumbótafélög (ICNPO 7100) óháð stjórnmalaflokkum og trúfélögum. Í þessum flokki eru hreyfingar eins og Lions og Kiwanis, mannréttinda og friðarsamtök o.fl.

Í landinu eru 290 félög í floknum önnur heilbrigðisþjónusta (ICNPO 3400), þ.e. félög öryrkja, aldraðra eða sjúklinga af ýmsu tagi. Í flokki þessum eru samtök eins og AA-samtökin, félög eldri borgara, blindrafélög, Geðhjálp o.s.frv. Líkt og í fyrr greindum flokkum eru deildir samtaka talin með, enda eru þær formlega sjálfstæð félög. T.d. eru yfir 90 deildir AA-samtaka meðtaldar og svipaða sögu er segja um krabbameinsfélög sem eru yfir 20 talsins.

Loks má nefna að í landinu eru 249 kvenfélag (ICNPO 12100), 233 félög á sviði þróunar- og umbótastarfssemi á sviði atvinnulífs, félagsmála og nærsamfélaga (ICNPO 6100). Í skólum landsins eru 226 nemendafélög (ICNPO 11300) og 260 hjálparsamtök og björgunarsveitir (ICNPO 8200) eru formlega starfsræktar í landinu. Loks má nefna að 183 trúfélög eða tengd starfssemi var á Íslandi 2005, þ.e. flokkur ICNPO 10100.

Tafla 6.**Fjöldi annarra félaga* með starfssemi 2005 eftir ICNPO-flokkum**

ICNPO 1100	Blandaðir kórar	81
ICNPO 1100	Karlakórar	35
ICNPO 1100	Kirkjukórar og tónlistarfélög trúfélaga	66
ICNPO 1100	Kvennakórar	19
ICNPO 1100	Leikfélög og skyld starfssemi	137
ICNPO 1100	Lestrarfélög	13
ICNPO 1100	Menningar- og listastarfssemi, s.s. söfn, útgáfa, listsýningar o.fl.	205
ICNPO 1100	Tónlistarfélög ýmiskonar	117
ICNPO 1200	Íþróttafélög	773
ICNPO 1300	Áhugamannafélög ýmis	960
ICNPO 1300	Félög ungmenna	232
ICNPO 1300	Ferðafélög	56
ICNPO 1300	Hestamannafélög	59
ICNPO 1300	Hjónaklúbbar	2
ICNPO 1300	Starfsmannafélög	762
ICNPO 1300	Veiðifélög	182
ICNPO 2100	Foreldrafélög og samstarfsfélög foreldra og kennara	315
ICNPO 2100	Leikskólar	14
ICNPO 2100-2300	Fræðslustarfssemi	96
ICNPO 2300	Skólar á sviði menningar og lista	57
ICNPO 2400	Rannsóknarstarfssemi og rannsóknarsjóðir	78
ICNPO 3100	Spítalastarfssemi	2
ICNPO 3100-3200	Stuðningsstarfssemi við spítala, s.s. styrktar- og hollvinafélög	12
ICNPO 3200	Hjúkrunarheimili	3
ICNPO 3400	Önnur heilbrigðisstarfssemi ásamt félögum eldri borgara	290
ICNPO 5100	Umhverfismálastarfssemi	12
ICNPO 5200	Dýraverndunarsamtök	5
ICNPO 6100	Þróunarfélög á sviði atvinnulífs félagsmála og nærsamfélaga	219
ICNPO 6100	Vatnsveitufélög	14
ICNPO 6200	Húsfélög	8138
ICNPO 6200	Samtök um kirkjubyggingar og kirkjubygginganefndir	3
ICNPO 7100	Málefnafélög	38
ICNPO 7100	Samfélagsumbótafélög óháð stjórnmalafél. og trúfélögum sbr. Lions, Kiwanis o.s.frv	259
ICNPO 7300	Stjórnmalafélög	379
ICNPO 8100	Líknarfélög	30
ICNPO 8100	Minningarsjóðir styrktarsjóðir	52
ICNPO 8200	Hjálparsamtök, s.s. Félög Rauða krossins	105
ICNPO 8200	Björgunarsveitir	155
ICNPO 10 100	Trúfélög	119
ICNPO 10 100	Trúfélög - önnur starfssemi tengd trúfélögum	64
ICNPO 11 100	Atvinnurekendafélög og samtök	353
ICNPO 11 200	Félög faglegs eðlis	115
ICNPO 11 300	Launþegafélög og launþegasamtök	670
ICNPO 11 300	Orlofsjóðir, orlofsnefndir og orlofsheimili	43
ICNPO 12 100	Nemendafélög	226
ICNPO 12 100	Kvenfélög	249
ICNPO 12 100	Neytenda og leigjendafélög	10
ICNPO 12 100	Önnur óflokkuð félög	2714
Alls		18538

Heimild: Flokkað af höfundi úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

*Samvinnufélög og sjálfseignastofnanir ekki meðtaldar. Hlutafélög, einkahlutafélög og sameignarfélög ekki meðtalin

Tafla 7.

Fjöldi annarra félaga með starfssemi 2005 eftir fjölda félaga í ICNPO-flokkum
Samvinnufélög og sjálfseignastofnanir ekki meðtaldar. Hlutafélög, einkahlutafélög og sameignarfélög ekki meðtalin

ICNPO 6200	Húsfélög	8138
ICNPO 1300	Áhugamanna- og tómstundafélög	2253
ICNPO 1200	Íþróttafélög	773
ICNPO 1100	Menningar- og listastarfssemi	673
ICNPO 11 300	Launþegafélög og samtök	713
ICNPO 2100-2300	Fræðslustarfssemi	482
ICNPO 7300	Stjórnmalafélög	379
ICNPO 11 100	Atvinnurekendafélög og samtök	353
ICNPO 7100	Samfélagsumbótafélög óháð stjórnmalaflokkum og trúfélögum og málefnafélög alls	297
ICNPO 3400	Önnur heilbrigðisstarfssemi, s.s. AA-félög, krabbameinsfélög, félög sjúklinga ýmiskonar, öryrkja o.fl. ásamt félögum eldri borgara	290
ICNPO 12 100	Kvenfélög	249
ICNPO 6100	Þróunar- og umbótastarfssemi á sviði atvinnulífs, félagsmála og nærsamfélaga	233
ICNPO 11 300	Nemendafélög	226
ICNPO 8200	Hjálparsamtök og björgnarsveitir	260
ICNPO 10 100	Trúfélög og önnur tengd starfssemi	183
ICNPO 11 200	Félög faglegs eðlis	115
ICNPO 8100	Minningarsjóðir og líknarsamtök	82
ICNPO 2400	Rannsóknarstarfssemi og rannsóknarsjóðir	78
ICNPO 3100-3200	Stuðningsstarfssemi við spítala, styrktar- og hollvinafélög	12
ICNPO 5100	Umhverfismálastarfssemi	12
ICNPO 12 100	Neytenda og leigjendafélög	10
ICNPO 5200	Dýraverndunarsamtök	5
ICNPO 3200	Hjúkrunarheimili	3
ICNPO 6200	Samtök um kirkjubyggingar og kirkjubygginganefndir	3
ICNPO 3100	Spítalastarfssemi	2
ICNPO 12100	Önnur óflokkuð félög	2714
Alls		18538

Heimild: Flokkað af höfundi úr félagaskrá Hagstofu Íslands 2005. Sjá Hagstofa Íslands 2006.

Þrátt fyrir mikinn fjölda félaga í landinu er lítið sem ekkert vitað um umfang starfssemi þeirra. Ekki er vitað hversu mörg ársverk eða hve mikil velta félagageirans er. Sem dæmi má nefna þann mikla fjölda húsfélaga (ICNPO 6200) sem er í landinu. Lögskýlt er íbúum fjölbýlishúsa að stofna húsfélög. Gróflega má ætla að á Íslandi séu um 40000 íbúðir í fjölbýlishúsum sem eru með 6 eða fleiri íbúðir.⁷ Samkvæmt upplýsingum fasteignasala má gera ráð fyrir að meðalgreiðsla sem eigendur íbúða í

⁷ Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Inga Jósafatssyni (2006) hjá Fasteignamati ríkisins má áætla að 39584 íbúðir í fjölbýlishúsum hafi verið á Íslandi 2005.

fjölbýlishúsum greiða í hús- og framkvæmdasjóði fjölbýlishúsa sé um 10000 kr á mánuði (Kjartan Hallgeirsson 2006). Miðað við tíu þúsund króna mánaðargreiðslu og fjórtíu þúsund íbúðir má áætla að velta húsfélaga á Íslandi sé um **4,8 milljarðar króna á ári**.

Næst stærsti flokkurinn er áhugamanna- og tómstundafélög (ICNPO 1300), en í þeim flokki voru 2254 félög 2005. Ef við gefum okkur að félög af þessu tagi velti að meðaltali 200 þúsund krónum á ári er heildarveltan fljót að ná **hálfum milljarði króna** á ári. Starfsmannafélög tilheyra floknum ICNPO 1300. Þau eru fjölmörg á Íslandi, eða 761 árið 2005 samkvæmt skrá Hagstofu Íslands. Ef við gefum okkur að meðalstærð fyrirtækja Íslandi sé 28 ársverk⁸ og gefum okkur að meðaltalsgreiðsla í starfsmannafélag á ári sé 12000 krónur má gróflega áætla að velta starfsmannafélaga séu um 256 milljónir á ári krónur á ári (þ.e. $28 \cdot 761 \cdot 12000$).

Priðji stærsti flokkurinn eru íþróttafélög og íþróttasamtök (ICNPO 1200). Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra veltu slík félög **480.577.844** kr ár árinu 2005. Velta félaga á sviði menningar- og listastarfssemi (ICNPO 1100) var **128.458.935** kr árið 2005 samkvæmt sömu heimild.

Eins og sést á töflu 7 voru 670 launþegasamtök í landinu. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru 28 aðilar í þessum flokki með skattskylda veltu og var velta þeirra 154.630.966 kr árið 2005. Margt bendir til að velta launþegasamtaka sé mun meiri. Sem dæmi má nefna að samanlagðar rekstrartekjur Alþýðusambands Íslands voru á árinu 2003 rúmar 319 milljónir króna samkvæmt samstæðureikningi samtakanna (Gylfi Arnbjörnsson 2005: 40). Miðað við hækkun vísitölu neysluvöru og að samsetning tekna hafi ekki má ætla að velta ASÍ hafi verið 343 milljónir króna 2005. Ef tekjur allra stéttarféлага launþega væru lagðar saman við tekjur ASÍ, þá væri þessi tala mun hærri. Tekjur BHM voru rúmar 73,4 milljónir króna árið 2005 (BHM 2006: 3). Á sama ári var velta BSRB rúmar 127 milljónir króna (Guðbjörg Jónsdóttir 2006). Inni í þessum tölum er velta einstakra aðildarféлага BHM eða BSRB ekki meðtalin. Á grundvelli veltutalnanna hér að ofan má ætla að velta ASÍ, BHM og BSRB hafi verið yfir **543 milljónir króna 2005**, en velta einstakra aðildarféлага er ekki meðtalin í þessum tölum.

Svipaða sögu er að segja af samtökum atvinnurekenda. Samtök atvinnulífsins eru stærstu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. Líkt og á við um ASÍ er velta

⁸ Hér er notast við tölurnar að ofan um 55000 ársverk þeirra u.þ.b. 2000 fyrirtækja sem tilheyra aðildarfélögum SA.

samtaka atvinnurekenda mikil. Samkvæmt ríkisskattstjóra voru skattskyldar tekjur samtaka atvinnurekenda **449.323.039 kr** árið 2005. Í þessum tölum veða tekjur Samtaka atvinnulífsins (SA) þyngst, en á árinu 2003 voru rekstrartekjur SA um 199 milljónir króna (Samtök atvinnulífsins 2004: 48). Á næsta ári á eftir voru rekstrartekjur SA rúmlega 217 milljónir (Samtök atvinnulífsins 2005: 44). Átta atvinnugreinafélög eiga aðild að SA, en innan þeirra eru um 2000 fyrirtæki og mun umfang starfssemi þeirra vera um 55000 ársverk. Velta þessara átta aðila er ekki talin með hér að ofan, en þeir eru: Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Samorka, samtök veitufyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART), Samtök fiskvinnslustöðva (SF), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), Samtök iðnaðarins (SI) og SVP-Samtök verslunar og þjónustu (SVP). Í heild gæti velta stéttarféлага launþega og atvinnurekenda verið **850-950 milljónir kr. á ári.**

Í flokknum ICNPO 3400, þ.e. önnur heilbrigðisstarfssemi, s.s. AA-félög, krabbameinsfélög, félög sjúklunga ýmiskonar, öryrkja o.fl. voru 290 félög árið 2005. Þekktust þessara samtaka eru AA-samtökin, krabbameinsfélögin og Geðhjálp. Krabbameinsfélag Íslands er einnig umsvifamikið félag í þessum flokki. Samkvæmt samstæðureikningi félagsins voru tekjur félagsins rúmlega 427 milljónir árið 2004 (Krabbameinsfélag Íslands 2005: 80). Miðað við þessar tölur má áætla að velta féлага í ICNPO 3400 geti numið **hálfum til eins milljarðs kr. á ári.**

Á Íslandi eru 249 kvenfélög sem skipulögð eru á tilteknum málefnasviðum eða innan ýmissra hreyfinga, en félagsaðild er bundin við (kven)kyn meðlima. Í þessum flokki eru þó ekki talin kvenfélög innan stjórnmalaféлага eða –flokka. Samkvæmt upplýsingaum ríkisskattstjóraembættisins nam skattskyld velta kvenféлага á Íslandi **48.627.545 kr** árið 2005. Meðalvelta kvenfélaganna var því rúmlega 195 þúsund krónur.

Ef litið er til þróunar- og umbótastarfssemi á sviði atvinnulífs, félagsmála og nærsamféлага (ICNPO 6100) kemur í ljós að velta þeirra var **191.771.035 kr.** árið 2005 samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra. Atvinnuþróunarfélögin sem stofnuð hafa verið í landsfjórðungum tilheyra þessum flokki.

Á Íslandi eru skráð 212 hjálparsamtök og björgunarsveitir (ICNPO 8200). Rauði kross Íslands og björgunarsveitirnar eru þekktust féлага í þessum flokki. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra veltu björgunarsveitirnar skattskyldum tekjum sem námu 158.421.378 kr árið 2005. Velta Rauða krossins er að öllum

líkindum meiri. Árið 2004 voru rekstrartekjur RKÍ um 1,3 milljarðar króna (Rauði kross Íslands 2005:8). Gera má því ráð fyrir að hjálparsamtök og björgunarsveitir velti **meira en 1,5 milljarði króna.**

Þegar litið er til trúfélaga og annarrar tengdrar starfssemi (ICNPO 10 100) kemur í ljós að 186 slík félög eru í landinu, en skattskyld velta þeirra var **67.710.652** kr árið 2005. Í félagaskrá Hagstofunnar, þaðan sem upplýsingar um fjölda trúfélaga eru fengnar, er þjóðkirkjan ekki meðtalin. Formlega séð er þjóðkirkjan sjálfstæð stofnun óháð íslenska ríkinu, en ríkið veitir henni framlög á fjárlögum. Í lögum nr. 78 frá 1997 um þjóðkirkjuna segir í 1. grein: “Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni. Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna”. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 var framlag ríkisins rúmum **1,2 milljarðar króna.**

Upplýsingar um veltu allra félaga í þeim ICNPO flokkum sem birtast í töflu 5 og 7 er ekki hægt að fá frá embætti ríkisskattstjóra, m.a. þar sem 8 eða fleiri aðilar í hverjum flokki þurfa að hafa skattskyldar tekjur til þess að embættið veiti slíkar upplýsingar. Álitið er að rekja megi upplýsingar um veltu til einstakra aðila ef þeir eru færri en 8.

Við getum nú tekið saman í töflu þær upplýsingar um veltu félaga sem fjallað hefur verið um hér að ofan.

Tafla 8.

Velta annarra félaga með starfssemi 2005 eftir ICNPO-flokkum
Samvinnufélög og sjálfseignastofnanir ekki meðtaldar. Hlutfélög, einkahlutfélög og sameignarfélög ekki meðtalin.

Velta félaga 2005

ICNPO 6200	Húsfélög	4.800.000.000
ICNPO 1300	Áhugamanna- og tómstundafélög	500.000.000
ICNPO 1200	Íþróttafélög	480.577.844
ICNPO 1100	Menningar- og listastarfssemi	128.458.935
ICNPO 11300	Launþegafélög	543.000.000
ICNPO 11100	Atvinnurekendasamtök	449.323.039
ICNPO 3400	Önnur heilbrigðisstarfssemi	750.000.000
ICNPO12100	Kvenfélög	48.627.545
ICNPO 6100	Þróunar- og umbótastarfssemi á sviði atvinnulífs, félagsmála og nærsamfélaga	191.771.035
ICNPO 8200	Hjálparsamtök og björgunarsveitir	1.500.000.000
ICNPO 10 100	Trúfélög og önnur tengd starfssemi	1.300.000.000
Alls		10.691.758.398

Velta annarra félaga en samvinnufélaga, sjálfseignastofnana, hlutfélaga,

einkahlutafélaga og sameignarfé, var um 10,7 milljarðar kr. árið 2005. Þessi upphæð er líklega allt of lág, en nákvæmari og umfangsmeiri rannsókn þarf til að fá úr því skorið hvort sú tilgáta sé rétt.

Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðir eru mikilvægur þáttur fjármálakerfisins á Íslandi, en þeir eru ekki á félagalista Hagstofunnar. Lífeyrissjóðir eru hluti af félagshagkerfinu og flokkast sem ICNPO 4300 ef stuðs er við það flokkunarkerfi, þar sem þeirra hlutverk er tekjutrygging meðlimanna. Meginmarkmið þeirra er að greiða sjóðfélögum lífeyrisgreiðslur, en tekjur þeirra eru f.o.f. iðgjöld meðlima. Sjóðirnir afla sér einnig tekna með ávöxtun af verðbréfaeign sinni. Markmið sjóðanna er því ekki hámarkun hagnaðar, heldur hámarkun greiðslna lífeyris til meðlima⁹. Lífeyrissparnaðarvalkostir einkabanka eru ekki hluti af lífeyrissjóðageira félagshagkerfisins, enda er markmið einkabanka hámarkun hagnaðar. Lífeyrissjóðir sem hér teljast til félagshagkerfisins eru 45 talsins, en velta þeirra árið 2004, þ.e. inngreiðslur¹⁰, var um **450 milljarðar kr.** eða 448.378.925.000 kr samkvæmt úttekt Fjármálaeftirlits ríkisins á sjóðstreymi lífeyrissjóðanna (Fjármálaeftirlit ríkisins 2005b)¹¹. Hrein eign lífeyrissjóðanna var rúmlega 907 milljarðar kr árið 2005 eða 907.417.816.000 kr. (sama: 8).

Sparisjóðir

Sparisjóðir hafa í flestum tilfellum það hlutverk að auðvelda atvinnulífinu á starfssvæði sínu aðgengi að fjármagni fremur en að hámarka hagnað sinn. Sparisjóðirnir tilheyra því félagshagkerfinu. Árið 2005 voru starfræktir 24 sparisjóðir á Íslandi (Fjármálaeftirlit ríkisins 2005: 4), en þeir reka sameiginlega Sparisjóðabanka Íslands og ýmsa starfssemi eins og tölvukerfi. Árið 2004 var velta sparisjóðanna rúmum **23 milljarðar kr** (sama: 18)¹².

⁹ Sjá 1. grein og 20 grein laga nr. 123 frá 1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

¹⁰ Inngreiðslur eru: Iðgjöld, fjárfestingartekjur, aðrar tekjur, afborganir verðbréfa, seld verðbréf m. breyttil. tekjum, seld verðbréf m. föstum tekjum, lækkun á bankainnstæðum, seldar aðrar fjárfestingar og aðrar inngreiðslur.

¹¹ Velta lífeyrissjóða í einkaeigu er ekk talin með, en þessir sjóðri og velta þeirra árið 2004 var: Almenni lífeyrissjóðurinn (velta 15.097.593.000 kr), Frjálsi lífeyrissjóðurinn (20.819.632.000 kr) og Íslenski lífeyrissjóðurinn (6.491.766.000 kr)

¹² Inn í þessar tölur vantar veltu nb.is sparisjóðs sem er dótturfélag og Sparisjóðs Reykjavíkur og veltu Sparisjóðs Siglufjarðar sem er dótturfélag Sparisjóðs Mýrasýslu.

Heildarvelta félagshagkerfisins á Íslandi

Við getum nú velt fyrir okkur hver heildarvelta félagshagkerfisins er á Íslandi. Eins og fram hefur komið hér að ofan eru upplýsingarnar ófullkomnar og engan veginn tæmandi og þörf er á mun umfangsmeiri rannsókn en hér hefur verið gerð. Niðurstaðan verður því aðeins gróf vísbending um umfang veltunnar. Taflan hér að neðan gefur umfangið til kynna.

Tafla 9.
Áætluð heildarvelta félagshagkerfisins á Íslandi 2005

	Krónur	Velta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu
Samvinnufélög	26.963.917.134	2,7
Sjálfseignastofnanir	6.000.000.000	0,6
Önnur félög	10.691.758.398	1,1
Lífeyrissjóðir	448.378.925.000	44,4
Sparisjóðir	23.000.000.000	2,3
Alls	514.810.600.532	46,7

Veltu einstakra geira innan félagshagkerfisins má bera saman við veltu fyrirtækja í einkageiranum. Samkvæmt upplýsingum Frjálsrar verslunar var velta Kaupþings Banka hf mest allra fyrirtækja á Íslandi árið 2004, þ.e. 89.896 milljónir króna, eða meira en þreföld velta samvinnufélaga árið 2005 (Frjáls verslun 2005: 40). Icelandic Group hf (áður Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna) velti 69.748 milljónum króna árið 2004 og SÍF hf. 58.815 milljónum (sama: 40). Íslandsbanki hf. var fjórða stærsta fyrirtækið 2004 miðað við veltu, en hún var 58.726 milljónir kr. Fimmta sætið á lista Frjálsrar verslunar var Landsbanki Íslands með 53.186 milljónir kr. Samanlagt var velta bankanna þriggja 201.808 milljónir króna eða 45% af veltu lífeyrissjóðanna. Samkvæmt upplýsingum Frjálsrar verslunar var velta Haga hf, sem reka Bónus og Hagkaup og fleiri fyrirtæki, 46.133 milljónir króna 2004 (velta Haga-fyrirtækisins Skeljungs hf er ekki inni í þessum tölum).

Í framhaldi af þessum upplýsingum um veltu einstakra fyrirtækja í einkageiranum er athyglisvert að skoða veltu samvinnufyrirtækja og fyrirtækja í eigu samvinnufélaga. Samkvæmt sömu heimild velta slík félög yfir 50 milljörðum króna eins og fram kemur í töflunni hér að neðan.

Tafla 10.

Velta samvinnufyrirtækja og fyrirtækja í eigu samvinnufélaga 2004

Fyrirtæki á lista Frjálsrar Verslunar yfir 300 stærstu fyrirtækin á Íslandi

Velta í milljónum króna

Samkaup hf	9.820
Kaupfélag Skagfirðinga	6.741
Mjólkursamsalan	6700
Osta og smjörösalan sf	5793
Sláturfélag Suðurlands	4445
Mjólkurbú Flóamanna	4293
Norðurmjólk ehf	2707
KEA	2453
Norðlenska matborðið ehf	2346
Kaupfélag Héraðsbúa	2037
Kaupfélag V-Húnvetninga	1134
Sölufélag A-Húnvetninga svf	715
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	304
Kaupfélag A-Skaftfellinga, KASK	281
Kaupfélag Borgfirðinga	275
Samtals	50.044

Heimild: Frjáls Verslun 2005: 40-49.

3. Þátttaka í starfssemi félagshagkerfisins

Starfssemi félaga og stofnana í félagshagkerfinu er ólík starfssemi í öðrum geirum að því leyti að ýmis starfssemi innan hans byggist að hluta eða jafnvel að öllu leyti á sjálfbóðaliðastarfssemi. Þetta á ekki síst við um hagnaðarlausu sjálfbóðaliðastarfssemi. Veltutölur eru því mælikvarði sem lýsir aðeins hluta starfsseminnar, þ.e. velta eða tekjur samtakanna koma til móts við launakostnað og annan rekstrarkostnað. Velta gefur ekki góða mynd af umfangi vinnuframlags sjálfbóðaliða.

Richard D. Putnam (2000) hefur rannsakað þróun þátttöku almennings í frjálsri félagastarfssemi í Bandaríkjunum og greint ýmiskonar tölfræði í þessu sambandi. Greining hans nær yfir þátttöku almennings allt frá fyrstu áratugum síðustu aldar og fram á okkar dag. Í meginráttum segir Putnam að þátttaka í frjálsum félagasamtökum hafi vaxið jafnt og þétt fram á miðjan sjöunda áratug síðustu aldar, en eftir það hafi þátttaka minnkað jafnt og þétt þó hún sé meiri í Bandaríkjunum en flestum öðrum löndum. Það sama gildir um gjafmildi Bandaríkjamanna til líknarsamtaka (sama: 183). Athyglisvert er að vísbendingar eru um að þróunin á Íslandi á síðustu áratugum hafi verið öflug á við það sem gerst hefur í Bandaríkjunum. Á Íslandi jókst meðaltal félagsaðildar að sjálfbóðaliðasamtökum úr 1,62 árið 1984, í 1,85 árið 1990 og 2,21 árið 1999 (Steinunn Hrafnadóttir 2006: 51-2).

Lítið er vitað um umfang sjálfboðaliðsstarfssemi á Íslandi. Til að fá grófa mynd af stöðu mála má bera saman umfang þátttöku í sjálfboðaliðastarfi hér á landi við önnur lönd. Í töflunum hér að neðan eru upplýsingar úr könnunum sem gerðar voru 1999 um annars vegar fjölda (%) þeirra sem eru meðlimir í sjálfboðaliðasamtökum og hins vegar hlutfall þeirra sem unnu sjálfboðavinnu þegar kannanirnar áttu sér stað. Í úrtökum könnunarinnar voru einstaklingar sem voru 18 ára og eldri spurðir.

Í samanburði við þau lönd sem birtast í fyrri töflunni hér að neðan er hlutfall þeirra sem eru meðlimir í sjálfboðaliðasamtökum á Íslandi fremur hátt á ákveðnum sviðum slíkrar starfssemi. Aðild einstaklinga er meiri hér á landi en meðaltal allra landanna á sviðum eins og góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar. Sömu sögu er að segja af aðild að trúarsamtökum, stéttarfélögum, stjórnmalasamtökum, starfsgreinafélögum/sérfræðingafélögum og íþróttafélögum og tómsundastarfssemi. Líkt og í Bandaríkjunum er aðild að stjórnmalafélögum, trúfélögum og íþrótt- og tómsundafélögum mikil. Íslendingar eru líkari Norðurlandabúum en Bandaríkjamönnum hvað varðar hátt hlutfall þeirra sem eru meðlimir í verkalýðsfélögum. Aðild að kvennasamtökum er í meðallagi á Íslandi, en í Bandaríkjunum er hún mun algengari í þessum samanburði. Þar eru 16% þeirra sem eru 18 ára og eldri meðlimir í slíkum samtökum.

Í seinni töflunni hér að neðan koma fram upplýsingar um vinnuframlag fólks í sjálfboðaliðastarfssemi. Fram kemur að Íslendingar leggja ekki á sig mikla sjálfboðavinnu samanborið við íbúa annarra landa. Einnig kemur fram að Bandaríkjamenn eru mun viljugri til sjálfboðaliðsstarfs en aðrir. Þetta á sérstaklega við um góðgerðastarfssemi, trúarleg samtök og menningar- og skólustarfssemi. Bandaríkjamenn eru einnig mun virkari en aðrir á sviði æskulýðsstarfssemi. Íslendingar eru yfir meðallagi í samburði við önnur lönd á sviðum eins og góðgerðar- og líknarsamtök, verkalýðsfélög, stjórnmalasamtök og íþrótt- og tómsundastarfssemi. Samanburðurinn bendir til að Íslendingar séu óvirkir í aðild sinni að sjálfboðaliðasamtökum þar sem vinnuframlag er ekki mikið.

Hafa verður í huga að sjálfboðaliðastarfssemi er aðeins hluti af starfssemi í felagshagkerfinu. Samvinnufélög og sjálfseignastofnanir byggja oft á mjög lítilli sjálfboðavinnu. Samvinnufélög á sviði menningar eða velferðarstarfssemi byggja starfssemi sína meira á slíku vinnuframlagi en t.d. kaupfélög.

Tafla 11.

Fjöldi meðlima í sjálfbodaliðasamtökum árið 1999 sem hlutfall af 18 ára og eldri

	Bandaríkin	Belgía	Bretland	Danmörk	Finland	Frakkland	Holland	Írland	Ísland	Japan*	Kanada*	Lúxemburg	Svíþjóð	Tékkland	Pýskaland	Meðaltal
Góðgerðarsamtök, líknarfélag þjónustuklúbbar	17	11	6,8	6,5	9,6	5,5	21,5	6,6	17,4	9,4	13,1	12,7	21,1	6,5	3,8	11,2
Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	58	12	4,8	12	46	4,6	34,5	19,1	71,1	10,6	30,5	8,8	70,6	7,3	12,6	26,8
Áhugahópar um listir, menningar- eða skólamáli	37	19	10	17	15	8,1	45,2	10,9	15,5	11	20,1	16,4	26,7	11,1	6,9	18,0
Verkalýðsfélög (stéttarfélag)	13	16	7,3	54	34	4,1	23,6	10,1	59,7	6,5	13,4	11,6	62,4	10,2	7	22,2
Sjórnmálaflokkar eða samtök	19	7	2,6	6,6	6,1	1,9	9,3	4,3	19	3,5	6,1	5,1	10,3	4,1	2,9	7,2
Baráttu- eða áhugahópar gegn t.d. fátækt, atvinnuleysi, húsnæðisvanda eða kynþáttfordómum í byggðalagi þínu	13	5	3,5	6,2	2,6	2,5	6,9	5,7	2,5	1,2	7,3	5,1	9,4	3,1	0,7	5,0
Samtök sem fást við mannréttindamál innanlands og utan eða þróunarhjálp	5,5	9,9	2,6	4,1	5,9	1,2	24,4	3	7,5	1,7	4,5	9,7	15,7	0,8	0,4	6,5
Samtök sem starfa að friðunarmálum, umhverfisvernd, dýravernd eða vistfræði	16	11	1,5	13	4,8	2,1	45,1	3,2	4,6	3,2	8,1	9,7	11,7	6,6	2,2	9,5
Starfsgreinafélög/sérfræðingafélög	27	8,3	1,6	11	5,9	3,2	17,4	7,8	19	4,8	15,8	5,8	14,7	6	4	10,2
Æskulýðsstarfsemi (t.d. skátar, æskulýðsfélög, klúbbar o.s.frv.)	27	7,5	5,5	6,6	7,3	2,2	6	6,9	6,9	2,1	10,9	8,7	7	7,2	1,5	7,5
Íþróttir, tómstundastörf	34	24	3	33	25	16,8	50,9	25,6	34,1	14,1	26,3	26,3	36,2	22,3	21,9	26,2
Kvinnasamtök	16	8,4	1,5	2,2	3,6	0,5	4,1	4,8	5,8	3,8	9,5	5,8	3,4	2,5	3,9	5,1
Friðarhreyfingar	4,3	2,4	0,5	0,8	1,3	0,4	2,8	1,5	1,1	2	1,8	2,2	1,6	1,4	0,2	1,6
Sjálfbodaliðasamtök á sviði heilbrigðismála	17	5	3,3	4	8,5	2,5	8,5	4,3	3	3,1	10,5	7,1	6,5	5,9	2,3	6,1
Önnur sjálfbodasamtök	21	11	4,8	14	11	7,1	9,3	5,8	2,8	6,9	11,8	4,2	25	9,2	3,9	9,9

* 2000

Heimild: World Values Survey 2000.

Tafla 12.

Vinnur um þessar mundir sjálfboðavinnu fyrir samtök á eftirfarandi sviðum

	Bandaríkin	Belgía	Bretland	Danmörk	Finland	Frakkland	Holland	Írland	Ísland	Japan *	Kanada *	Lúxemburg	Svíþjóð	Tékkland	Þýskaland	Meðaltal
Góðgerðarsamtök, líknarfélög þjónustuklúbbar	14	6	14	4	6,7	4,1	9,2	4,3	8,7	5,4	9,6	6,5	9,3	3,6	1,8	7,2
Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	39	6,1	6,4	3,3	7,1	3,5	11,4	9,5	4,6	3,2	19,3	5,5	22,7	3	4,1	9,9
Áhugahópar um listir, menningar- eða skólamála	20	9,4	3,2	5,4	4,9	5,1	16,9	4,8	5,9	3,9	10,6	8,6	11,6	6,2	2,8	7,9
Verkalýðsfélög (stéttarfélög)	2,9	2,2	1,5	3,8	4,1	1,4	2,2	1,7	3,1	0,6	3,1	2,9	10,5	2,7	0,4	2,9
Stjórnmalaflokkar eða samtök	6,6	2,9	1,3	2,6	2,6	0,7	2,6	2	3,4	1,2	2,7	2,5	4,3	2,4	1,1	2,6
Baráttu- eða áhugahópar gegn t.d. fátækt, atvinnuleysi, húsnæðisvanda eða kynþáttfordómum í byggðalagi þínu	7,2	2,7	1,7	3	1,5	1,7	3,9	3,4	0,7	0,4	4,6	2,8	5,7	1,9	0,3	2,8
Samtök sem fást við mannréttindamál innanlands og utan eða þróunarhjálp	2,9	5	4,6	0	3,3	0,6	3,9	2	1,3	0,3	2,4	5	4,7	0,4	0,1	2,4
Samtök sem starfa að friðunarmálum, umhverfisvernd, dýravernd eða vistfræði	8,8	3,3	7,6	2,2	2,1	0,9	2,5	1,3	1,3	1,2	3,9	4,1	4,1	3	0,9	3,1
Starfsgreinafélög/sérfræðingafélög	11	2,9	7,7	3,8	2	1,5	3,7	3,1	3	1,3	5,3	1,5	4,4	2,4	0,5	3,6
Æskulýðsstarfsemi (t.d. skátar, æskulýðsfélög, klúbbar o.s.frv.)	22	4,3	15	5,1	4,9	1,5	4,2	4,7	3,4	1	8,1	5,9	5,1	5,7	1	6,2
Íþróttir, tómstundastörf	18	7,9	3,8	14	13	9,1	16,2	12,6	11,4	3,3	12,7	9,3	17	9,9	5,6	10,9
Kvennasamtök	9,2	2,9	1,2	0,8	1,8	0,1	2,1	2,8	2,3	1,2	5,4	2,3	2,1	1,1	1,8	2,5
Friðarhreyfingar	2,1	1,4	4,7	0,4	0,9	0,2	0,6	0,8	0,1	0,7	1,1	1,4	0,4	0,2	0	1,0
Sjálfboðaliðasamtök á sviði heilbrigðismála	11	4,2	9,8	1	3,9	1,6	7	3,1	1,9	1,5	8,2	2,7	2,7	3	1,1	4,2
Önnur sjálfboðasamtök	14	7,6	0	6,5	5,2	6,1	6,3	4,5	1,7	0	8,6	1,8	10,4	4,9	2,4	5,4

*2000

Heimild: World Values Survey 2000.

4. Hvatning til nýsköpunarstarfssemi í félagshagkerfinu

Eins og vænta má er markmið með nýsköpunarstarfssemi innan félagshagkerfisins að skapa nýjar afurðir eða þjónustu sem hefur annan tilgang en að hámarka hagnað af viðkomandi starfssemi. Ýmsar stofnanir og félög félagshagkerfisins velta gífurlegu fjármagni á ári hverju og veita fé til nýsköpunarverkefna sem hafa mannúð eða líknarmál að markmiði. Starfssemi hagsmunafélaga og málefnaþópa af ýmsu tagi sem eru óháðir ríkisvaldinu, hefur aukist verulega á undanförunum áratugum. Hér verða þessi samtök kölluð óháð hagsmunasamtök, ÓHH (e. NGOs). Fjölgun slíkra félaga hefur bæði verið áberandi innan landa og á alþjóðavettvangi. Samtök af þessu tagi beina spjótum sínum að fyrirtækjum viðkomandi landa og ríkisvaldinu og reyna að hafa áhrif á stefnu þess. Þau skipuleggja starfssemi sína einnig í alþjóðlegum valdamiðstöðvum eins og Brussel og New York þar sem höfuðstöðvar mikilvægra stofnana eru staðsettar eins og t.d. Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar. Talið er að alþjóðlegum ÓHH hafi fjölgað úr 169 árið 1909 í 29800 árið 1993. Á tímabilinu 1980 til 1993 var fjöldi ÓHH 1600, en hafði fjölgað í 2970 á Vesturlöndum og velta þeirra jókst úr 2,8 milljörðum Bandaríkjadala í 5,7 milljarða dala (G. Baker og D. Chandler 2005: 3).

Starfssemi innan félagshagkerfisins og einkum ÓHH leiðir ekki aðeins til þess að fjármagni er beint inn á svið sem áður voru vanrækt, eins og t.d. umhverfissrannsóknir, krabbameinsrannsóknir o.s.frv., heldur leiðir starfssemi þeirra einnig til nýsköpunar í samfélagslegri ákvarðanatöku. Óháð hagsmunasamtök eru stöðugt mikilvægri í stefnumótun ríkisstjórna og alþjóðlegra stofnana og leika mikilvægt hlutverk við hlið stjórnmalaflokka og hefðbundinna hagsmunasamtaka á vinnumarkaði (sama: 3).

Spyrja má hvers vegna ÓHH hefur fjölgað þegar til lengri tíma er litið. Mikilvæg ástæða er alþjóðavæðing fyrirtækja og vöxtur yfirþjóðlegra stofnana eins og Evrópusambandsins og tollabandalaga á borð við EES, NAFTA í Norður-Ameríku og ASEAN í Suð-Austur Asíu. Einnig má nefna varnarbandalög eins og NATO. Jafnframt hafa völd þjóðríkisins minnkað í kjölfar heimsvæðingarinnar. Önnur ástæða fyrir fjölgun félaga er fækkun einræðisstjórna og innleiðing lýðræðislegri stjórnarháttanna í Austur-Evrópu, Suður-Ameríku og Afríku. Vaxandi ójöfnuður innan landa og milli landa í kjölfar heimsvæðingar, hefur einnig orðið hvatning til stofnunar andkapítalískra hreyfinga. Loks má nefna vandamál sem í eðli sínu eru ekki bundin við landamæri einstakra ríkja og hafa orðið hvatning til stofnunar samtaka sem starfa

alþjóðlega. Í þessu sambandi má nefna umhverfismál, hitnun loftshjúps jarðar og kjarnorkuvá vegna orkuframleiðslu eða vígbúnaðarkapplaups. Fleiri ástæður má nefna. Útbreiðsla upplýsingatækni og greiðari aðgangur almennings að upplýsingum um félagsmál vítt og breitt um heiminn. Slíkar upplýsingar voru áður aðeins aðgengilegar ríkisstofnunum einstakra þjóðríkja. Almennigur hefur því mun greiðari aðgang en áður var að upplýsingum um stórslys sem hafa orðið í umhverfismálum og heilbrigðismálum, upplýsingum um hungursneyðir, brot á mannréttindum, mismunun kynja og minnihlutahópa, menntunarskort og vaxandi ofbeldi í heiminum og svo mætti lengi telja (D. Bornstein 2004: 7) Formgerðarlegar ástæður af þessu tagi eru efnislegar forsendur sem hvetja fólk til athafna og stofnunar samtaka. En engin samtök eða aðgerðir eru gerðar án einstaklinga sem tilbúnir eru til að fara nýjar leiðir og “láta gott af sér leiða”.

Frumkvöðlastarfssemi í hagnaðarlausu geiranum

Eins og fram kom að ofan eru markmið frumkvöðla í félagshagkerfinu önnur en hámerkun hagnaðar viðkomandi starfssemi. Hagnaðarlausu frumkvöðlastarfssemi má skilgreina sem starfssemi sem leiðir annað hvort til stofnunar nýrra hagnaðarlausra stofnana eða fyrirtækja eða til stöðugar nýsköpunarstarfssemi innan slíkra skipulagsheilda. Hagnaðarlaus frumkvöðlastarfssemi (social entrepreneurship) felur í sér að farnar eru bestu leiðir, félagslega, tæknilega og hagrænt séð, til að raungera félagsleg markmið. Starfssemin felur í sér að samræmi er milli markmiða og aðgerða í ljósi siðferðilegra viðmiða. Hún felst einnig í því að finna tækifæri til að auka félagsleg gæði og einkennist af nýsköpun, dirfsku og áhættu sem metin er með kerfisbundnum hætti (G.S. Mort et.al. 2003: 78).

Einkenni frumkvöðla í hagnaðarlausu geiranum

Fimmtudaginn 29. júní 2006 mátti lesa eftirfarandi frétt í Viðskiptablaði Morgunblaðsins:

“Ein stærsta frétt vikunnar úr viðskiptalífínu á heimsvísu var þegar Warren Buffett, fjárfestirinn goðsagnakenndi, tilkynnti að hann hefði ákveðið að láta meirihluta eigna sinna renna til góðgerðarmála. Um enga smáaura er að ræða þar sem eignir Buffetts eru metnar á þúsundir milljarða króna. Mestan part ætlar hann að gefa til góðgerðarstofnunar í eigu hjónanna Bills og Melindu Gates, litla 113 milljarða á ári. Hjónin þurfa að eyða fénu jafnóðum og hyggjast einkum láta það renna til heilbrigðisþjónustu í þróunarlöndum”.

Tímaritið Forbes telur Buffett vera annan ríkasta mann heims, næstan á eftir Bill Gates stofnanda Microsoft. Eignir Buffets eru metnar á 42 milljarða Bandaríkjadala. Hann ákvað að gefa 85% af eignum sínum til velgerðarmála. Í frétt Morgunblaðsins segir að Buffett hafi í gegnum tíðina ávaxtað sitt pund ríkulega en frá því var greint í tímaritinu The Economist fyrr á árinu að þeir auðjörfrar, sem byrjað hafa með tvær hendur tómar, eru örlátari í góðgerðarmálum en þeir sem erft hafa auðæfi sín. Í tímaritinu var Bill Gates nefndur sem gott dæmi í þessu sambandi.

Góðgerðasjóður hjónanna Bill og Melinda Gates, The Bill & Melinda Gates Foundation er stærsti góðgerðasjóður heimsins, en eigið fé sjóðsins er 29,2 milljarðar dollara og fjöldi starfsmanna var 241 árið 2006. Megin markmið þessa sjóðs er að tryggja fátækustu svæðum heimsins lífsnauðsynleg lyf og heilbrigðistækni (The Bill & Melinda Gates Foundation 2006).

Svo virðist sem hvatning einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir samfélagið í heild eða bæta stöðu þeirra sem minna mega sín, sé háð félagslegum bakgrunni þeirra ef marka má greiningu The Economist. Jafnframt má segja að efnafólk jafnt sem þeir sem minni efni hafa finni hjá sér hvatningu til að vinna að félagslegum umbótum. Mikilvægustu rætur þessarar hvatningar eru vafalaust annars vegar siðferðileg gildi sem einstaklingarnir mótast af úr umhverfi sínu. Slík gildi eru mótuð af trúarbrögðum og menningu viðkomandi landa eða hreyfingum sem halda á lofti siðferðilegum gildum eins og t.d. húmanistar eða mannúðarsinnar. Hins vegar getur persónuleg reynsla einstakling getur einnig haft áhrif á siðferðilega afstöðu þeirra, svo sem eins og þegar þeir eða nánir vinir eða ættingjar verða fyrir áfalli á borð við að vera greindir með lífshættulega sjúkdóma eins og krabbamein eða eyðni. Einstaklingar sem verða fyrir félagslegri mismunun eða upplifa mikinn efnalegan ójöfnuð mótast oft af slíkum aðstæðum. Persónuleg reynsla af þessu tagi verður oft til þess að fólk endurmetur lífssýn sína og áherslur í lífinu.

Fyrirmyndir í umhverfi einstaklinga skipta líka máli í þessu sambandi. Í samtíma þeirra ganga þekktir einstaklingar fram fyrir skjöldu og sína hugrekki og fórnarlund fyrir málstaðinn. Fólk er einnig alið upp við sögur af slíkum fyrirmyndum eða kynnast þeim í fjölmiðlum, kvikmyndum fræðsluþáttum o.s.frv., Sem dæmi má nefna sögur af persónum eins og Florence Nightingale, Jane Addams, Emmaline Pankhurst, Raul Wallenberg, Nelson Mandela. Síðast en ekki síst má nefna sögur af fyrirmyndum eins og Jesús Kristi og Abdu'llah ibn `Abdu'l-Muttalib sem nefndur er Múhameð.

Frumkvöðlarnir Warren Buffet og Bill Gates hófu sinn ferill sem frumkvöðlar í hefðbundnum skilningi þess orðs, þ.e. markmið starfs þeirra var að taka áhættu í viðskiptum með það fyrir augum hámarka hagnað og eigin auð.¹³ Frumkvöðlar í félagshagkerfinu eiga það sameiginlegt með “hefðbundnum” frumkvöðlum, að taka yfirvegaða áhættu og standa fyrir nýsköpun í rekstri þó svo markmiðin séu önnur en háværkun hagnaðar. Bera má saman frumkvöðla í hefðbundnum skilningi og frumkvöðla í félagshagkerfinu eins og gert er í töflunni hér að neðan.

Tafla 13.

Samanburður á ímyndar frumkvöðlum í hagnaðarlausu og hagnaðardrifna geiranum

	Frumkvöðull í hagnaðardrifna geiranum	Frumkvöðull í félagshagkerfinu
Persónuleg hvatning	Hámarka eigin hagnað	Hámarka samfélagsleg gæði
Geiri í hagkerfinu	Einkageirinn	Hagnaðarlausu geirinn og opinberi geirinn
Skipulagsform starfssemi	Hefðbundinn valdapýramídi sem frumkvöðulinn trónir yfir	Óhefðbundið skipulag þar sem áherslan er á jöfnuð í umbunum og völdum
Stefnumörkunarstefna	Áhersla á samkeppni og háværkun hagnaðar frumkvöðuls/fjárfesta	Forðast samkeppni, en áhersla á að hámarka samfélagsleg gæði
Skilgreining hagsmunaaðila og tengsl við þá	Tengsl við fjárfesta forgangatriði, en tengsl við viðskiptavini eru tæki til að ná settu markmiði (háværkun hagnaðar)	Hagsmunaaðilar fjölbreytilegir og koma úr ólíkum geirum samfélagsins
Tengsl við ytra samfélagslegt umhverfi	Sækist ekki eftir viðurkenningu samfélagsins	Sækist eftir samfélagslegri viðurkenningu frá fjölbreytilegum samfélagshópum
Siðferðileg viðmið	Eignihagsmunasinnaður. Hlutlaus gagnvart siðferði?	Ekki eiginhagsmunasinnaður en sækist eftir að bæta velferð annarra

Heimild: P. A. Wickham 2006: 184.

Í töflunni er gerður samanburður á kenningarlegum ‘ímyndum’ frumkvöðla, þ.e. tveim gerðum af frumkvöðlum sem ekki eru til í veruleikanum en eru pólar á sitt hvorum endanum á samanburðarási. Í veruleikanum er það svo, að frumkvöðlar í hagnaðardrifna geiranum eru ekki algerlega gagnteknir af að hámarka eigin auð, þeir eða þær sækjast einnig eftir annars konar umbunum eins og virðingu og viðurkenningu samfélagsins, bæði fyrir sjálfa sig og aðra. Einnig má segja um frumkvöðla í félagshagkerfinu að starf þeirra er ekki fullkomin andstæða þess sem

¹³ Þetta er sá skilningur sem R. Cantillon lagði í hugtakið frumkvöðull í bók sinni **Essai Sur la Nature du Commerce en Général** frá 1755. Sjá 5. kafla, 4. málsgrein.

frumkvöðlar í hagnaðardrífna geiranum fást við. Í mörgum tilfellum eru stofnanir og fyrirtæki í félagshagkerfinu rekin með svipuðum hætti og fyrirtæki í fyrrnefnda geiranum. Þegar litið er til einstakra tilvika og þau borin saman er því líklegast að þau megi staðsetja á mismunandi stað á “frumkvöðlaási” eða línu sem liggur milli tveggja kenningarlegra póla, þ.e. einkenna hefðbundins frumkvöðuls og frumkvöðuls í félagshagkerfinu.

Niðurstöður

Í þessari skýrslu hefur verið fjallað um félagshagkerfið á Íslandi og erlendis. Þessi hluti samfélagsins hefur verið nefndur ýmsum nöfnum einsog geiri frjálsra félagasamtaka, þriðji geirinn og félagshagkerfið. Þessi ólíku hugtök eiga það sameiginlegt að vísa til starfssemi sem hvorki tilheyrir opinbera geiranum né einkageiranum sem samanstendur af einkahlutafélögum, hlutafélögum eða sameignarfélögum. Rannsóknir og umræða um þennan geira hefur fallið í skuggann á rannsóknum á velferðarkerfi hins opinbera og hugmyndafræðibaráttu markaðshyggjumanna. Á síðustu árum hafa rannsóknir þó aukist á þessum geira á Vesturlöndum og benda þær til að félagshagkerfið og hagnaðarlaus starfssemi sé umtalsverð og fari vaxandi. Umfang og einkenni félagshagkerfisins á Ísland hefur lítið sem ekkert verið rannsakað og standa rannsóknir á þessu sviði langt að baki því sem gerist í nágrannalöndunum. Gagnasöfnun hins opinbera er einnig ábótavant þar sem við skráningu gætir ekki nægilegs samræmis og félög eru ekki flokkuð eftir alþjóðlegum stöðlum eins og t.d. ICNPO-staðli Sameinuðu þjóðanna.

Kerfisbundin rannsókn á umfangi félagshagkerfisins á Íslandi hefur ekki verið gerð, hvorki með tilliti til veltu né vinnuframlags í geiranum. Rannsóknir hafa þó verið gerðar á einstökum undirgeirum félagshagkerfisins eins og t.d. á starfssemi samvinnufélaga, en heildaryfirsýn skortir. Fullkonnari mynd af félagshagkerfinu myndi vafalaust grafa undan þeirri einfeldningslegu mynd af efnahagslífinu og þróunarvalkostum sem markaðshyggjumenn á Íslandi draga upp.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð tilraun til að flokka félög félagshagkerfisins eftir ICNPO-staðlinum, en ljóst er að nákvæmari flokkun þarf að gera til að fá raunsanna mynd af umfangi þess. Einnig þarf að rannsaka hvaða félög innan félagshagkerfisins eru raunverulega með starfssemi og hvaða félög eru óvirk. Loks þarf að gera kerfisbundna úttekt á veltu virkra félaga og vinnuframlagi í þeim. Slíkar athuganir eru mikilvægar til að meta mikilvægi félagshagkerfisins í samfélaginu, en í

framhaldinu geta stjórnvöld unnið að skilvirkri stefnumörkun gagnvart þessum geira og fyrirtæki og stofnanir hafa betri forsendur til að meta sóknarfæri á þessu sviði samfélagsins.

Í skýrslunni kemur fram að í landinu eru skráð yfir 18 þúsund félög í hagnaðarlausu geiranum. Þessi mikli fjöldi bendir til að svæðisbundin grasrótastarfssemi sé mikil á Íslandi, enda er mikill fjöldi aðildarfélaga að heildarsamtökum á ólíkum sviðum félagsstarfssemi meðtalinn í þessum tölum. Vísbendingar eru um að velta félaga á ýmsum undirsviðum félagshagkerfisins geti verið mikil. T.d. má ætla að velta húsfélaga geti verið hátt í 5 milljarðar króna á ári. Hjálparsamtök og björgunarsveitir velta um 1,5 milljarði króna á ári. Hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda velta um 750 milljónum króna. Samvinnufélög velta um 27 milljörðum króna á ári og sjálfseignastofnanir um 6 milljörðum króna. Ef litið er einnig til lífeyrissjóða og sparisjóða eru vísbendingar um að varlega áætlað gæti velta félagshagkerfisins hafi verið um 515 milljarðar króna árið 2005, eða 51,7% samanborið við landsframleiðslu.

Talið er að í Evrópusambandinu starfi um 8% af launþegum í fullu starfi í hagnaðarlausri félagastarfssemi. Ekki er vitað hvert þetta hlutfall er á Íslandi. Meira er vitað um þátttöku Íslendinga í sjálfbóðaliðastarfi samanborið við íbúa annarra landa. Í skýrslunni hér að ofan kemur fram að Íslendingar leggja ekki á sig mikla sjálfbóðavinnu samanborið við íbúa annarra landa. Íslendingar eru þó yfir meðallagi í samburði við önnur lönd á sviðum eins og góðgerðar- og líknarsamtök, verkalýðsfélög, stjórnálagasamtök og íþróttar- og tómstundastarfssemi. Þegar litið er til þátttöku í sjálfbóðaliðastarfssemi í formi þátttöku einstaklinga kemur í ljós að hlutfall þeirra sem eru meðlimir í sjálfbóðaliðasamtökum á Íslandi er fremur hátt á ákveðnum sviðum. Meðlimaaðild er meiri hér á landi en meðaltal allra landanna á sviðum eins og góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar. Sömu sögu er að segja af aðild að trúarsamtökum, stéttarfélögum, stjórnálagasamtökum, starfsgreinafélögum/sérfræðingafélögum og íþróttafélögum og tómstundastarfssemi.

Í skýrslunni er loks velt upp spurningum varðandi hvatningu fólks til þátttöku á hagnaðarlausu geiranum. Rannsóknir á þessu sviði hafa ekki verið gerðar á Íslandi og því vitum við ekkert um hvort ástæður hvatningar eru aðrar hér á landi en erlendis.

Heimildaskrá

Arnbjörnsson, Gylfi (2005) **Skýrsla forseta um störf Alþýðusambands Íslands árið 2005**, Reykjavík: Alþýðusamband Íslands.
<http://asi.is/upload/files/skyrsla%20forseta.pdf>

Baker, G. og Chandler, D. (2005) **Global Civil Society; Contested Futures**, London: Routledge.

Bandalag háskólamanna (2006) **Ársreikningur 2005**,
<http://bhm.is/media/adalfundur06/bhmreikn.pdf>

The Bill & Melinda Gates Foundation (2006) **Heimasíða**,
<http://www.gatesfoundation.org/AboutUs/>.

Bornstein, D. (2004) **How to Change the World; Social Entrepreneurs and the Power of New Ideas**, New York: Oxford University Press.

Cantillon, R. (1755) **Essai Sur la Nature du Commerce en Général**,
<http://cepa.newschool.edu/het/>

Cordes, J.J., et.al. (2004) 'Dimensions of Nonprofit Entrepreneurship: An Exploratory Essay' í Eakin, D.H. og Rosen, H.S. **Public Policy and the Economics of Entrepreneurship**, Cambridge: MIT Press.

Fjármálaeftirlit ríkisins (2005) Lánastofnanir, Reykjavík: Fjármálaeftirlit ríkisins.
[http://www.fme.is/fme.nsf/0/0E6624ED21A9C4F30025701C005A9C43/\\$file/Lanastofnanir_%202004.pdf](http://www.fme.is/fme.nsf/0/0E6624ED21A9C4F30025701C005A9C43/$file/Lanastofnanir_%202004.pdf)

Fjármálaeftirlit ríkisins (2005b) **Lífeyrissjóðir, Ársreikningar 2004 ásamt kennitölum og öðrum upplýsingum**, Reykjavík: Fjármálaeftirlit ríkisins.

Frjáls verslun (2005) **300 stærstu**, 8.tbl. 2005, Reykjavík: Heimur hf.

Guðbjörg Jónsdóttir (2006) **Símaviðtal**, 12. október 2006. Guðbjörg er fjármálastjóri BSRB.

Hagstofa Íslands (2006) **Skrá yfir félög, samvinnufélög og sjálfseignastofnanir á Íslandi 2005, þ.e. önnur félög en einkahlutafélög, hlutafélög og sameignarfélag**. Listinn var tekinn saman að beiðni höfundar.

Hagstofa Íslands **Landshagir** (ýmis ár), Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hallgeirsson, Kjartan (2006) **Viðtal** við Ívar Jónsson um greiðslur í hús- og framkvæmdasjóði fjölbýlishúsa 1. júní 2006.

Hrafnsdóttir, Steinunn (2006) 'Sjálfböðastörf á Íslandi; Þróun og rannsóknir' í **Tímarit Félagsráðgjafa**, 1. árgangur 2006, Reykjavík.

Jónsson, Ívar (2003) **Samvinnuhreyfingar Bandaríkjanna, Bretlands, Íslands og Svíþjóðar; tilvikarannsókn**, Bifrost: höfundur.
http://www.bifrost.is/Files/Skra_0008150.pdf

Jósafatsson, Jón, Ingi (2006) **Upplýsingar um íbúðafjölda á Íslandi í húsum með 6 eða fleiri íbúðir 2005**. Óbirtar upplýsingar. Jón starfar hjá Fasteignamati ríkisins

Kolbeinsson, Páll (2006) **Velta hagnaðarlausu geirans á Íslandi 2005** (óbirt útekt). Embættis ríkisskattstjóra (RSK) fékk í hendur lista Hagstofu Íslands yfir félög, samvinnufélög og sjáfseignastofnanir 2005 sem Ívar Jónsson flokkaði eftir ICNPO staðli Sameinuðu þjóðanna. ICNPO er flokkunarkerfi sem nær yfir hagnaðarlausu starfssemi. Páll Kolbeinsson hjá RSK framkvæmdi greiningu á veltu félaganna á grundvelli gagna RSK.

Krabbameinsfélag Íslands (2005) **Ársskýrsla 2005. Lögð fram á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands 7. maí 2005**, Reykjavík: Krabbameinsfélagið.
<http://www.krabb.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=336>

Mort, G.S., Weerawardena, J. og Carnegie, K. (2003) 'Social entrepreneurship: Towards conceptualisation' í **International Journal of Nonprofit and Voluntary Sector Marketing**, Vol. 8 No. 1: Henry Stewart Publications,

OECD (2003) **The Non-Profit Sector in a Changing Economy**, París: OECD.

Putnam, R., D. (2000) **Bowling Alone; The Collapse and Revival of American Community**, New York: Touchstone.

Rauði kross Íslands (2005) **Ársskýrsla rauða kross Íslands 2004**, Reykjavík Rauði kross Íslands.
http://rki.is/redcross/upload/files/pdf/arsskyrsla_fyrir_arid_2004_vefur.pdf

Salamon, L.M., Wojciech Sokolowski, S., List, R. (2003) **Global Civil Society; An Overview**, Baltimore: The Johns Hopkins Comparative Nonprofit Sector Project, Center for Civil Society Studies, Institute for Policy Studies, The Johns Hopkins University

Salamon, L., M. et.al. (1999) **Global Civil Society; Dimensions of the Nonprofit Sector**, Baltimore: Johns Hopkins Center for Civil Society Studies.

Sameinuðu þjóðirnar (2003) **Handbook on Non-Profit Institutions in the System of National Accounts**, New York: United Nations.
<http://www.jhu.edu/~gnisp/handbookdraft.html>

Samtök atvinnulífsins (2005) **Ársskýrsla 2004-2005**, Reykjavík: Samtök atvinnulífsins. <http://www.sa.is/files/1458733767SA%20arssk%202004-2005.pdf>

Samtök atvinnulífsins (2004) **Ársskýrsla 2003-2004**, Reykjavík: Samtök atvinnulífsins. <http://www.sa.is/files/1875276177%E1rssk%FDrsla%20sa%202003-04.pdf>

Wickham, P., A. (2006) **Strategic Entrepreneurship**, Harlow: Prentice Hall.

Williams , Colin, C. (2004) 'The Myth of Marketization' í **International Sociology**, Vol. 19 (4), London: SAGE.

Viðauki 1

Flokkunarstaðlar Sameinuðu þjóðanna á hagnaðarlausum félögum

ICNPO		Dæmi um starfssemi
Flokkur 1	Menningar- og tómstundastarfssemi	
1100	Menningar- og listastarfssemi	Bóka-, blaða- og tímarritaútgáfa; Útgáfa hljóðritaðs efnis; Kvikmynda- og myndbandaútgáfa og dreifing; Útvarps- og sjónvarpsstarfssemi; Leiklistar-, tónlistar- og önnur listastarfssemi; Bóka- og skjalasöfn; Söfn og varðveisla sögulegra staða og bygginga
1200	Íþróttiafélög og samtök	
1300	Önnur heilsuræktar- og tómstundafélög	
Flokkur 2	Menntun og rannsóknir	
2100	Menntastofnanir á forskóla og grunnskólastigi og tengd starfssemi	
2200	Menntastofnanir á framhaldsskólastigi	
2300	Aðrar menntastofnanir (starfsmenntun)	Tækni- og starfsmenntun á framhaldsskólastigi
2400	Rannsóknastarfssemi (læknisfræði-, vísinda- og tæknirannsóknir	Rannsóknir, tilraunir og þróunarstarfssemi í náttúruvísindum, verkfræði, samfélags- og hugvísindum
Flokkur 3	Heilbrigðismál	
3100	Sjúkrahús og endurhæfingastofnanir	
3200	Hjúkrunarheimili	
3300	Geðhjálpastarfssemi og neyðarhjálp	Geðsjúkrahús og félagsráðgjöf
3400	Önnur heilbrigðisþjónusta	Læknis- og tannlæknisþjónusta, skolp-, sorp- og hreinlætisþjónusta þar sem heilbrigði manna er markmiðið
Flokkur 4	Félagsleg þjónusta	
4100	Félagsleg þjónusta	Félagsráðgjöf og félagsþjónusta
4200	Neyðaraðstoð	
4300	Tekjutrygging og fátækrahjálp	
Flokkur 5	Umhverfismál	
5100	Umhverfisvernd	Jurta- og dýragarðar og náttúruvernd. Skolp-, sorp- og hreinlætisþjónusta þar sem umhverfisvernd er markmiðið
5200	Dýraverndun	Dýralækningar og verndun svæða með dýraverndun að markmiði
Flokkur 6	Þróunarmál og húsnæði	
6100	Starfssemi sem hefur þróun efnahags- og félagslífs og þróun nærsamfélaga að markmiði	Atvinnuþróunarfélög og ráðgjafastarfssemi
6200	Húsnæðismálastarfssemi	Byggingarfélög og ráðgjafastarfssemi tengd byggingastarfssemi
6300	Atvinuráðgjöf og starfsþjálfun	
Flokkur 7	Lögfræði- og hagsmunagæslustarfssemi og stjórnsmál	
7100	Málefna- og hagsmunagæslusamtök	Málefna- og hagsmunagæslusamtök sem ekki eru stéttarfélög

7200	Lögfræðileg þjónusta	Þjónusta tengd almannaoýruggi
7300	Stjórnmalasamtök	Starfssemi stjórnmalasamtaka
Flokkur 8	Góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar	
8100	Góðgerðasamtök sem veita fjárhagsaðstoð	
8200	Önnur góðgerðarsamtök, líknarfélög og þjónustuklúbbar	
Flokkur 9	Alþjóðasamtök	
9100	Alþjóðleg starfssemi	
Flokkur 10	Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	
10100	Kirkjan (Þjóðkirkjan) eða önnur trúarleg samtök	
Flokkur 11	Fag- og stéttarfélög	
11100	Samtök atvinnurekenda	
11200	Fagleg starfsgreinafélög/sérfræðingafélög	
11300	Samtök launþega	
Flokkur 12	Önnur óflokkuð félög	
12100	Önnur óflokkuð félög	

Heimild: Sameinuðu þjóðirnar (2003) **Handbook on Non-Profit Institutions in the System of National Accounts**, New York: United Nations, bl.s. 36-40.

<http://www.jhu.edu/~gnisp/handbookdraft.html>